

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og framfarasjóð Dalasýslu – Dalasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og framfarasjóður Dalasýslu – Dalasjóður – og er stofnaður af félagi áhugamanna um menningar- og framfaramál í Dalasýslu sem ábyrgðarmenn Sparisjóðs Dalasýslu stofnuðu.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn, en einn tilnefndur af héraðsnefnd Dalasýslu. Héraðsnefnd skipar tvo endurskoðendur sjóðsins.

Heimili Dalasjóðs og varnarþing er í Dalasýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er varasjóður Sparisjóðs Dalasýslu, sem stofnaður var 2. október 1891 og starfaði þar til Búnaðarbanki Íslands tók að sér að annast reksturinn frá 1. október 1965, svo og önnur framlög stofnenda alls að fjárhæð ein milljón króna hinn 31. desember 1989.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða. Skal sjóðurinn ávaxtaður í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Búðardal, Dalasýslu. Útibússtjóri bankans skal annast reikningshald sjóðsins og fjárvörslu.

5. gr.

Árlega skal bæta við höfuðstólinn eigi lægri fjárhæð en fjórðungi ársvaxta. – Auk þess skal stjórn sjóðsins vinna að því að auka hann og efla með þeim ráðum, sem hún telur heppileg.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja framfara- og menningamál í Dalahéraði.

7. gr.

Sjóðstjórnin gerir ákveðnar tillögur um styrkveitingu úr sjóðnum hverju sinni og má ráðstafa til þess allt að $\frac{3}{4}$ og skulu styrkir til menningar- og heilbrigðismála sitja í fyrirrúmi. Stjórnin getur gert tillögu um að allir ársvextir leggist við höfuðstólinn eða úthlutun frestist um eitt ár, ef henta þykir. Tillögur þessar skulu lagðar fyrir árlegan aðalfund félagsins til samþykktar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki stjórnar og meiri hluta fundarmanna á aðalfundi félagsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um ríkisábyrgð skv. heimild í lögum nr. 112/1989,
um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar.**

1. gr.

Til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna sjálfskuldarábyrgðar, er hann kann að gangast undir á lán, sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989, samtals allt að 300 m.kr., skv. lögum um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar nr. 112/1989, skal ríkissjóður taka veð í þeim verðmætum sem tiltæk eru. Skal ábyrgð ríkissjóðs við það miðuð, að skuld sú er ríkissjóður tekur ábyrgð á, að meðtöldum þeim skuldum er hvíla á fyrri veðréttum viðkomandi eigna, nemi aldrei meiru en heildarmatsverði stofnlánadeildar landbúnaðarins á viðkomandi eignum, eða því matsverði öðru sem Ríkisábyrgðasjóður miðar við.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimildum í 12. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. lög nr. 65/1988, um breyting á þeim lögum, 8. gr. laga nr. 49/1962, um Ríkisábyrgðasjóð, og með vísan til laga nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. febrúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Þórhallur Arason.